

Fundur í Landbúnaðarnefnd haldinn á Ytra-Lóni 1. ágúst 2014 og hófst kl.20:00.

Mætt eru: Sverrir Möller, Ævar Rafn Marinósson, Reimar Sigurjónsson og Sigríður Ósk Indriðadóttir sem ritar fundargerð.

1. Kosning varaformanns

Márius Snær Halldórsson kjörinn varaformaður nefndarinnar.

2. Styrkur frá Vegagerðinni.

Langanesbyggð fékk styrk frá Vegagerðinni upp á 2 milljónir kr. vegna styrkvega í Langanesbyggð. Landbúnaðarnefnd mælir með því að styrkurinn fari í endurbætur á vegum í Miðfjarðarheiði, Kverkártungu og Saurbæjarheiði, en undanskilin verði 500. þús. kr. í ófyrirséðar lagfæringar. Ef ekki verður hægt að fara í þessar heiðar þarf að laga veginn upp á Heiðarfjall og niður í Hrollaugsstaði.

3. Refaveiðar.

Landbúnaðarnefnd mælir með því að skrifað verði undir samning við Umhverfisstofnun sem gildir 2014-2016.

4. Hreindýraveiðar.

Landbúnaðarnefnd mælist til að ekki verði leyfð umferð um slóðir á vanbúnum ökutækjum. Þá mælir nefndin með því að gangnakofum verði læst yfir sumartímamann með talnalásam, en símanúmer kofahaldara verði aðgengileg á kofunum.

5. Fjallskil.

Landbúnaðarnefnd kom sér saman um að göngur verði á Strönd, austan Miðfjarðarár, 3.-5. sept, og að farið verði í Tunguselsheiði og Kverkártungu 8. eða 9. sept.

Næsti fundur landbúnaðarnefndar ákveðinn 7. ágúst, til vara 12. ágúst og þá verður ákveðin niðurjöfnun gangna.

Fundi slitið kl.22.00